

Efni: Umsókn um leyfi til að setja upp jólamarkað við Dynjanda 2021

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ísafjarðarbæjar, dagsett 10. nóvember 2020, um leyfi til að setja upp jólamarkað innan náttúruvættisins Dynjanda í desember 2021.

Dynjandi er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 348/1971. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur, skv. 4. gr. friðlýsingarskilmála svæðisins, sett reglur um aðgang almennings að svæðinu og dvöl þar. Samkvæmt umgengnisreglum svæðisins er drónaflug innan þess óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda jólamarkað innan marka náttúruvættisins þann 11. desember 2021. Til vara er óskað eftir að halda markaðinn 12. eða 18. desember 2021. Stefnt er að því að hafa markaðinn opinn frá kl. 14:00 til kl. 20:00. Sölubásar eða -bílar gætu orðið allt að 15-20 talsins og yrðu staðsettir á bílastæðinu. Ef snjóalög og aðstæður leyfa yrðu hugsanlega sett upp sölutjöld og borð á grasflötinni við þjónustuhúsið og neðri hluta göngustígs að Bæjarfossi ef ekki er hætta á gróðurskemmdum. Hver söluaðili sér um skreytingar og rafmagn fyrir sína starfssemi. Sveitarfélagið sér um aukaskreytingar á svæðinu eftir þörfum. Vegna viðbótarskreytinga á svæðinu gæti þurft að leita til Umhverfisstofnunar með rafmagn úr þjónustuhúsi. Einhverjir söluaðilar gætu þurft að fá viðbótarafmagn frá þjónustuhúsi en yrðu þá sjálfir að leggja til búnað til tengingar en sveitarfélagið myndi verða til aðstoðar. Snjómokstur, annar en á forræði Vegagerðarinnar, verður í höndum Ísafjarðarbæjar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Áhrif á náttúruferir verða lítil sé þess gætt að sölubásur og -bílum sé komið rétt fyrir með tilliti til undirlags á svæðinu, hitastigs í jörðu og snjóþekju. Gestir sem sækja svæðið heim munu verða varir við markaðinn en ekki er talið líklegt að áhrifin verði neikvæð.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ísafjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir jólamarkaði við Dynjanda sbr. lýsingu hér að ofan í desember 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki og söluaðilum þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Skipuleggjendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar a.m.k. viku áður en markaðurinn fer fram, nánari áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hans. Í áætlun skal m.a. koma fram fjöldi söluaðila, kort sem sýnir staðsetningu bása og sölutjalda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á vettvangi og hann færður af svæðinu til flokkunar á viðeigandi stað. Einnig að tryggt verði að skreytingar og aðrir innviðir sem settir eru upp í tengslum við markaðinn verði fjarlægðir strax að honum loknum.
- Starfsmenn og söluaðilar taki tillit til annara gesta svæðisins.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð markaðssvæðisins skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki markaðsins á svæðinu að honum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir/starfsemi er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Elín Björg Ragnarsdóttir
sviðsstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur